



Heimsóknareglur á Silfurtúni um hátíðirnar.

Mikilvægt er að hafa í huga að njóta samveru, hátíðleika og væntumþykju þótt hátíðarkvöldverður á aðfangadagskvöld eða hina hátíðardaganna sé ekki snæddur saman. Samveran sjálf er svo mikilvæg. Þið getið skapað ykkar eigin hátíðar- og jólastund með ættingjum ykkar. Tökum sem dæmi að hægt er að sitja saman inn á herbergi íbúa og opna jólapakka, hlusta á jólatónlist og njóta hátíðleikans og þess að vera saman:

- ❖ Eftir að íbúar og starfsfólk hafa snætt hátíðarkvöldverðinn kl. 18 á aðfangadag eru heimsóknir leyfðar inni í íbúðum hvers og eins íbúa.
- ❖ Njótið rafrænna samskipta. Það er ekkert því til fyrirstöðu að njóta samveru með því að nýta sér tæknina og njóta samverustundar með þeim hætti þegar verið er t.d. að opna pakkana.
- ❖ Einnig getur sá sem kemur í heimsókn tengst öðrum ættingjum á meðan heimsóknin stendur yfir. Þannig er hægt að skapa hátíðlega samverustund með fleirum en heimsóknargestinum sjálfum.

- ❖ **Tveir gestir** hafa leyfi til að heimsækja hvern íbúa aðfangadag (24. des), jóladag (25. des), annan í jólum (26. des), gamlársgang (31. des) og nýársdag (1. jan).
- ❖ Börn undir 18 ára hafa leyfi til að koma í heimsókn, **en þá teljast þau annar af þessum tveimur gestum.**
- ❖ Munið að spritta hendur við komu og áður en þið yfirgefið heimilið.
- ❖ **Allir** gestir þurfa að koma með andlitsgrímu (maska). Óheimilt er að koma með taugrímu.
- ❖ **Vinsamlega hafið grímuna á ykkur allan tímann á meðan heimsókn stendur.**
- ❖ Vinsamlega farið inn um garðdyrnar hjá hverjum og einum íbúa, ekki er heimilt að koma inn í sameiginleg rými heimilisins. Mikilvægt er að láta vita af sér áður en komið er í heimsókn.
- ❖ Virðið 2ja metra regluna og forðist snertingu við íbúa.
- ❖ Ekki er heimilt að fara í bíltúr eða heimsókn með heimsóknargesti sínum.
- ❖ **Undanþága frá þessu er aðeins veitt við mikil veikindi íbúa og þarf leyfi frá yfirmanni.**

Vinsamlega **EKKI** koma inn á Silfurtúni ef:

- Þú ert í sóttkví eða einangrun.
- Þú bíður eftir niðurstöðu úr sýnatöku.
- Þú ert með flensu lík einkenni (kvef, hósta, hita, höfuðverk, beinverki, þreytu, kviðverki, niðurgang o.fl.).
- Þú varst erlendis fyrir minna en 14 dögum.

